

24. Fundur (aukafundur) haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar miðvikudaginn 18. maí 2011 kl. 17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir, Jóhanna Helgadóttir, Ólöf K. Arnmundsdóttir, Sigurður Ragnar Kristinsson og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu. Einnig sat fundinn Magnús Jónsson endurskoðandi KPMG. Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Ársreikningur Langanesbyggðar 2010 fyrri umræða.

Magnús Jónsson fór yfir ársreikning Langanesbyggðar fyrir árið 2010 fyrir sjóði A- og B-hluta, ásamt sundurliðunum. Jafnframt var lögð fram skýrsla endurskoðenda með ársreikningum 2010

Heildartekjur A-og B hluta voru 553 m. kr., þar af var útsvar og fasteignaskattur 173 m.kr., framlög Jöfnunarsjóðs 141,5 m. kr. og aðrar tekjur 238,5 m. kr.

Heildargjöld A og B hluta voru 501,6 m. kr., fyrir afskriftir og fjármagnsliði. Afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði A og B hluta alls 51,5 m.kr.

Afskriftir ársins námu 40,6 m.kr. og fjármagnsgjöld námu 25,3 m.kr.

Rekstrahalli ársins nam því 14,5 m.kr. samanborið við 41,8 m.kr. halla árið 2009

Veltufé frá rekstri er 36,0 m.kr. árið 2010 en var 20,0 m.kr. árið 2009

Handbært fé í árslok er því 58 m.kr. árið 2010 en var 8,6 m.kr. í árslok ársins 2009

Ársreikningi vísað til síðari umræðu og sveitarstjóra falið að senda út fréttatilkynningu. Seinni umræða verður á fimmtudaginn 26. maí kl. 17:00

Fleira ekki gert, fundargerðin upplestin og samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 19:20